

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 10. nóvember 2016 í máli nr. Ö-13/2016:

Sameinað Sílikon hf.

(Skarphéðinn Pétursson hrl.)

gegn

Íslenskum aðalverktökum hf.

(Benedikt Egill Árnason hdl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 19. október síðastliðinn, barst til dómsins 12. september 2016 með bréfi sóknaraðila dagsettu sama dag.

Sóknaraðili er Sameinað Sílikon hf., Stakksbraut 9, Reykjanesbæ.

Varnaraðili er Íslenskir aðalverktakar hf., Höfðabakka 9, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurður Sigurðar Tómasar Magnússonar dómsformanns í gerðarmálinu Íslenskir aðalverktakar hf. gegn Sameinuðu Sílikoni hf. 30. ágúst 2016 um að gerðarmaðurinn Atli Björn Þorbjörnsson viki sæti í málinu verði felldur úr gildi.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar.

Mál þetta var þingfest 30. september 2016 og var bókað í þingbók að varnaraðili óskaði ekki eftir því að skila greinargerð í málinu. Var ákveðið að munnlegur málflutningur skyldi fara fram 14. október síðastliðinn en af því varð ekki þar sem varnaraðili óskaði eftir því að leggja fram gögn í málinu. Í þinghaldi þann dag fékk varnaraðili frest í því skyni og var málinu frestað til 17. október síðastliðinn. Þann dag lagði varnaraðili fram greinargerð og málgögn. Munnlegur málflutningur fór fram 19. október síðastliðinn.

I

Varnaraðili rekur gerðardómsmál á hendur sóknaraðila á grundvelli heimildar í 15. gr. í verksamningi aðila, dagsettum 11. júlí 2014. Þann 8. ágúst 2016 var Sigurður Tómas Magnússon prófessor skipaður formaður gerðardómsins af dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Af hálfu sóknaraðila var Atli Björn Þorbjörnsson hdl. skipaður til setu í gerðardóminum og Kolbeinn Kolbeinsson verkfræðingur af hálfu varnaraðila. Reis ágreiningur um hæfi gerðarmannsins Atla Björns og gerði varnaraðili þá kröfu að hann viki sæti úr gerðardóminum.

Með úrskurði formanns gerðardómsins 30. ágúst 2016 var gerðarmanninum Atla Birni Þorbjörnssyni gert að víkja sæti í málinu. Hefur sóknaraðili skotið þeirri úrlausn til dómsins samkvæmt heimild í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 53/1989 um sammingsbundna gerðardóma.

II

Sóknaraðili reisir kröfu sína á því að Atli Björn Þorbjörnsson hafi aldrei tekið ákvarðanir eða komið að málefnum sóknaraðila þó svo að hann hafi á sínum tíma selt kennitölu til félags sem kom að því að kaupa lóð þá sem kísilver sóknaraðila stendur á. Þá leiði það ekki til vanhæfis gerðarmannsins að löglærðir fulltrúar sem starfi á lögmannsstofu hans, BBA Legal ehf., séu skráðir varastjórnarmenn í sóknaraðila. Stafrá seta þeirra í varastjórn sóknaraðila af því að þegar kennitala sóknaraðila hafi verið keypt af lögmannsstofunni hafi láðst að skipta um varastjórn. Hafi hvorki hinir löglærðu fulltrúar né gerðarmaðurinn persónulega unnið lögfræðistörf fyrir sóknaraðila er tengist ágreiningi málsins. Ennfremur byggir sóknaraðili á því að vinfengi gerðarmannsins við lögmann eða lögmann sóknaraðila leiði ekki til þess að hann geti ekki sinnt störfum sem gerðarmaður.

III

Varnaraðili byggir á því að Atli Björn sé vanhæfur til að fara með málið annars vegar vegna tengsla hans við sóknaraðila sjálfan og hins vegar vegna tengsla hans við lögmann sóknaraðila, þá Skarphéðinn Pétursson hrl. og Friðbjörn Garðarsson hrl.

Hvað fyrra atriðið varðar byggir varnaraðili á því að í varastjórn sóknaraðila eigi sæti þau Ásta Guðjónsdóttir héraðsdómslögmaður, fulltrúi hjá BBA Legal ehf., lögmannsstofu í eigu Atla Björns, og Árni Freyr Árnason héraðsdómslögmaður, sem var fulltrúi hjá BBA Legal ehf. þegar hann tók að sér stjórnarsetu fyrir félagið. Þá sé sú staðhæfing sóknaraðila röng að stjórnarseta þeirra Ástu og Árna skýrist af því að farist hafi fyrir að skipta stjórninni út þegar félagið var selt sóknaraðila, enda hafi félagið samkvæmt stofnskjöllum þess upphaflega verið stofnað sem sóknaraðili. Þannig sé stjórn félagsins, sem skipuð sé aðalmönnum Doran Sanders, Magnúsi Garðarssyni og Auðunni Helgasyni, og varastjórn þess, óbreytt frá stofnun félagsins til dagsins í dag. Telur varnaraðili mega leiða af þessu að BBA Legal ehf. hafi unnið fyrir sóknaraðila. Þá byggir varnaraðili ennfremur á því að Atli Björn hafi komið að því verkefni sem ágreiningur málsaðila sprettur af. Í því sambandi vísar varnaraðili til þess að félagið BBL IX ehf. hafi verið stofnað 21. febrúar 2012 af BBA Legal ehf. og stjórn þess skipuð fulltrúum á lögmannsstofunni. Með tilkynningu til fyrirtækjaskrár 12. apríl 2012 hafi nafni félagsins verið breytt í Stakksbraut 9 ehf. og Atli Björn verið kjörinn stjórnarmaður og hafi hann setið einn í aðalstjórn félagsins frá þeim tíma og haldið á prókúruumboði. Í maí 2012 hafi Stakksbraut 9 ehf. keypt samnefnda lóð í Helguvík í því skyni að reisa þar umrætt kísilver sem ágreiningur aðila snýst um. Atli Björn hafi gengið úr stjórn félagsins 26. júní 2012, samkvæmt tilkynningu til

fyrirtækjaskrár, og prókúra verið afturkölluð frá sama tíma. Varnaraðili vísar til þess að eini hlutahafi félagsins Stakksbrautar 9 ehf. hafi verið USI Holding B.V. sem jafnframt sé hluthafi í sóknaraðila og hafi Magnús Garðarsson, framkvæmdastjóri sóknaraðila farið með umboð hluthafa í báðum félögum, samkvæmt umboðsskjölum dagsettum 2. október 2013 og 3. júlí 2014, og Friðbjörn Garðarsson hrl. ritað undir bæði umboðin sem vottur. Samkvæmt þessu hafi Atli Björn verið stjórnarmaður og prókúruhafi Stakksbrautar 9 ehf. þegar félagið var tekið til eiginlegra starfa í tengslum við það verkefni sem ágreiningur gerðardómsmálsins komi til af. Félagið hafi síðar verið látið renna saman við sóknaraðila.

Varnaraðili byggir einnig á því að vináttutengsl á milli Atla Björns og lögmanna sóknaraðila, þeirra Skarphéðins Péturssonar og Friðbjörns Garðarssonar, sem einnig sé bróðir Magnúsar Garðarssonar, stjórnarformanns og prókúruhafa sóknaraðila, leiði til vanhæfis hans til að taka sæti sem gerðarmaður í málinu. Tengsl Atla Björns við Skarphéðinn Pétursson og Friðbjörn Garðarsson felist meðal annars í því að þeir hafi verið í sama árgangi í lagadeild Háskóla Íslands, verji sumarleyfum og öðrum frístundum sínum saman og mæti til dæmis í barnaafmæli hvor hjá öðrum. Varnaraðili byggir á því að Friðbjörn Garðarsson hafi starfað talsvert fyrir sóknaraðila í málinu og hafi mætt fyrir gerðardóminn og flutt þar mál sóknaraðila varðandi hæfi Atla Björns. Miklir hagsmunir séu í húfi fyrir málsaðila í gerðardómsmálinu og þar af leiðandi beint og óbeint fyrir málflytjendur sóknaraðila en kröfur varnaraðila muni nema yfir einum milljarði króna. Gefi umrædd vináttutengsl lögmanna sóknaraðila og Atla Björns réttmætt tilefni til að efast um óhlutdrægni hans og séu til þess fallin að skapa tortryggni í garð dómsins.

IV

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 53/1989 um sammingsbundna gerðardóma skulu gerðarmenn fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls. Samkvæmt g. lið 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er dómari vanhæfur til að fara með mál ef fyrir hendi eru atvik eða aðstæður sem fallnar eru til þess að draga megi óhlutdrægni dómara með réttu í efa. Mat á því hvort dómari teljist vanhæfur til meðferðar máls samkvæmt ákvæðinu byggir á heildstæðu mati á atvikum hverju sinni.

Ágreiningur málsaðila í gerðardómsmálinu á rætur að rekja til verksammings aðila frá 11. júlí 2014 um byggingarframkvæmdir varnaraðila fyrir sóknaraðila í Helguvík og eftirlit með framkvæmdum. Fyrir liggur að gerðarmaðurinn Atli Björn Þorbjörnsson sat um tveggja mánaða skeið á árinu 2012 í stjórn og fór með prókúruumboð fyrir Stakksbraut 9 ehf., lögaðila sem var tengdur sóknaraðila í gegn um sameiginlegt eignarhald og sameinaðist síðar sóknaraðila

undir nafni og kennitölu þess síðarnefnda. Á þeim tíma sem gerðarmaðurinn var í fyrirvari fyrir félagið var það í rekstri og keypti meðal annars lóð í Helguvík þar sem áætlað var að reisa kísilver, eins og síðar varð raunin. Þó svo að sá lögaðili sem gerðarmaðurinn var í fyrirvari fyrir sé ekki lengur til lögum samkvæmt er sú efnahagslega eining sem gerðarmaðurinn var í fyrirvari fyrir hluti af sóknaraðila máls þessa. Leiðir það þó eitt og sér ekki til vanhæfis gerðarmannsins heldur verður fleira að koma til. Fyrir liggur að lögmannsstofa í eigu gerðarmannsins, BBA Legal ehf., kom að stofnun sóknaraðila og tóku tveir löglærðir fulltrúar lögmannstofunnar sæti í varastjórn félagsins. Gegna viðkomandi einstaklingar, annar enn fulltrúi lögmannstofunnar, þeim stöðum í dag samkvæmt upplýsingum úr hlutafélagaskrá frá 3. október síðastliðnum. Liggur ekki annað fyrir en að fulltrúinn sitji í varastjórn félagsins vegna starfa sinna fyrir lögmannstofu gerðarmannsins. Sóknaraðili hefur samkvæmt framansögðu enn tengsl við lögmannsstofu þá sem gerðarmaður er eigandi að, svo ekki verður útilokað að lögmannstofan kunni að hafa fjárhagslega hagsmuni af þjónustu við sóknaraðila nú eða síðar. Verður þá að horfa til þess að ágreiningur málsaðila sem liggur fyrir gerðardóminum varðar mikla fjárhagslega hagsmuni aðila.

Þá verður ekki horft fram hjá því, svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, að nánin vinátta er með gerðarmanninum og Friðbirni Garðarssyni hæstaréttarlögmanni sem hefur komið fram fyrir hönd sóknaraðila fyrir gerðardóminum, en fyrir liggur að þeir verja frístundum sínum saman í talsverðum mæli, eru saman í matarboðum og mæta í afmæli barna hvors annars. Eru atvik ekki sambærileg þeim sem um getur í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 57/2007, enda reyndi þar á tengsl dómara við lögmann sem starfaði fyrir málsaðila, að þeim málum sem sakarefnið var sprottið af, 11 árum áður en ágreiningsefnið kom fyrir viðkomandi dóm.

Samkvæmt öllu framansögðu þykja vera fyrir hendi aðstæður, og tengsl gerðarmanns við málsaðila og málflutningsmann hans, sem eru til þess fallnar að draga megi óhlutdrægni gerðarmannsins í efa. Verður því hafnað kröfu sóknaraðila um að fella úr gildi úrskurð Sigurðar Tómasar Magnússonar, dómsformanns í gerðarmálinu, um að gerðarmaðurinn Atli Björn Þorbjörnsson víki sæti í málinu.

Varnaraðili hefur krafist málskostnaðar sér til handa. Mál þetta er rekið fyrir héraðsdómi samkvæmt lögum um sammingsbundna gerðardóma nr. 53/1989 en í þeim lögum er ekki að finna heimild til að dæma málsaðila málskostnað vegna meðferðar ágreiningsmála fyrir dómstólum. Þar sem um er ræða mál sem er hluti af málarekstri fyrir gerðardómi kemur það í hlut gerðardómsins að kveða á um málskostnað málsaðila, samkvæmt 11. gr. laga nr. 53/1989. Því úrskurðast málskostnaður ekki í máli þessu.

Jón Höskuldsson héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila um að felldur verði úr gildi úrskurður Sigurðar Tómasar Magnússonar dómsformanns í gerðarmálinu Íslenskir aðalverktakar hf. gegn Sameinuðu Sílikoni hf. 30. ágúst 2016 um að gerðarmaðurinn Atli Björn Þorbjörnsson víki sæti í málinu.

Málskostnaður úrskurðast ekki.

Jón Höskuldsson